



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍFANNA RÖÐULL OG ÍSA ALTAÐ TREGI

Fundargerð

Fundur var haldinn í Umhverfis- og skipulagsnefnd Strandabyggðar fimmtudaginn 5. febrúar 2026, kl. 17:00. Að Hafnarbraut 25, á Hólmavík.

Fundinn sátu: Matthías Sævar Lýðsson formaður, Atli Már Atlason, Guðrún Elínborg Þorvaldsdóttir, Marta Sigvaldadóttir, Árni Magnús Björnsson og Grettir Örn Ásmundsson byggingarfulltrúi situr í fjarfundi og ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Hafnardalsárvirkjun

Lögð er fram tillaga að breytingu Aðalskipulagi Strandabyggðar 2024-2036, sem gerir ráð fyrir 1,5 MW vatnaflsvirkjun í Hafnardalsá ásamt viðauka um vatnshlot. Tillagan er lögð fram til afgreiðslu fyrir auglýsingu, skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, Vinnslutillagan var auglýst frá 17. desember 2025 til 7. janúar 2026. Umsagnir bárust frá 7 aðilum. Skipulagsstofnun óskaði eftir fresti til umsagnar til loka janúar og skilaði sinni umsögn þann 29. janúar 2026, sbr. minnisblað um viðbrögð við umsögnum um vinnslutillögu. Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja tillöguna og hún fari í lögbundinn farveg. Formaður nefndarinnar bendir á að leita þurfi samþykki vatnsréttarhafans fyrir nýtingu vatnsins.

2. Umsókn um byggingarleyfi fyrir skemmu í Steinadal.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja umsóknina og fela byggingarfulltrúa að afgreiða málið.

3. Umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu á Skeiði hjá Sorpsamlaginu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hefur fullan skilning á þeirri þörf að stækka rýmið en beinir því til sveitarstjórnar að fela byggingarfulltrúa að gæta að samræmi viðbyggingar og núverandi húss og vanda til verka varðandi byggingarefni og burðarþol.

Önnur mál.

Umhverfis- og skipulagsnefnd beinir því til sveitarstjórnar að stofna lóðir við Kópnesbraut.

ML
AB
MS
Ald
GRT



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANNA RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Fundi slitið kl 18:00

Matthía Lífur _____
Poni M Björnsson _____
Marta Sigvalda. _____
Alicia Aðalasa _____
Guðrun Einborg _____